



Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

Skýrsla um innra mat í Borgarholtsskóla skólaárið 2010 - 2011

Efnisyfirlit

Inngangur að skýrslu um innra mat Borgarholtsskóla 2010-2011	3
1. Viðhorfskannanir:	4
a) Yngri nemar, október 2010.....	4
b) Eldri nemar, október 2010	5
Samanburður á völdum þáttum milli yngri og eldri nema í október 2010.....	6
Samanburður á völdum þáttum eftir kynjum. Eldri nemar.....	6
2. Starfsmannakönnun, febrúar 2010	6
3. Áfangakannanir í nóvember 2010 og í apríl 2011.	9
4. Mat á kennslustjórum	9

Inngangur að skýrslu um innra mat Borgarholtsskóla 2010-2011

Markmið sjálfsmats Borgarholtsskóla

Sjálfsmati skólans er ætlað að ná til helstu þátta skólastarfsins; kennslu, stjórnunar og rekstrarþátta, samskipta innan skólans, stoðþjónustu og samskipta við aðila utan skólans sem honum tengjast. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá. Niðurstöður matsins verða jafnharðan leiðbeinandi um umbætur í skólastarfinu og samskipti og samstarf starfsmanna skólans, nemenda og annarra sem skólastarfsemina varða.

Ný verkáætlun 2010-2013

Ný áætlun um innra mat í Borgarholtsskóla var unnin í mars 2009 og er hún gerð í samræmi við fyrirmæli laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Þar segir:

Mat og eftirlit með gæðum.

40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,*
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,*
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,*
- d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.*

41. gr

Innra mat.

Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Ný verkáætlun byggir að einhverju leyti á framhaldi sjálfsmats frá 2006 – 2010 en þó með breytingum þar sem skólinn mun ekki lengur styðjast við Framhaldsskólarýni frá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri. Allar rafrænar kannanir eru þó áfram unnar í samstarfi við Upplýsingatæknisetrið STEFNU ehf. á Akureyri. Áætlunin nær til fjögurra ára frá upphafi vorannar 2010 til og með maí 2013.

Þátttakendur í innra mati

Yfirumsjón sjálfsmats Borgarholtsskóla er í höndum skólameistara, aðstoðarskólameistara og verkefnisstjóra innra mats. Þeir gera áætlanir um viðhald sjálfsmats skólans, samþykkja gögn og verkefni og bera ábyrgð á úrvinnslu og skýrslugerð. Þeir sjá sömuleiðis um að umbætur komi til

framkvæmda. Kennslustjórar hafa umsjón með þáttum sem varða viðkomandi námsbrautir. Starfandi er rýnihópur sem er til halds og trausts varðandi framkvæmd einstakra þátta matsins, s.s. við úrvinnslu og efni í skýrslu og gerir tillögur um umbótaáætlanir.

Í rýnihópnum sitja: skólameistari/aðstoðarskólameistari/áfangastjóri, verkefnisstjóri innra mats, einn kennslustjóri og einn kennari. Gæta ber að hafa jafnt kynjahlutfall ásamt eðlilegri dreifingu milli bóknáms, verknáms, listnáms og annars náms.

Með virku innra mati skóla skapast grundvöllur fyrir markvissri skoðun á árangri, leiðum til úrbóta og upplýsingagjöf um starfsemina.

Eftirfarandi kannanir hafa farið fram skólaárið 2010-2011:

1. Viðhorfskannanir:

Á haustönn eru gerðar kannanir á viðhorfi til skólstarfsins og veru í skólanum meðal eldri og yngri nemenda. Yngri nemendur eru nýnemar hverju sinni og eldri nemendur þeir sem eru á 3. og 4 ári og þar með 18 ára eða eldri.

a) Yngri nemar, október 2010

171 nýnemi eða 67% nýnema svöruðu viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólstarfsins. Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brauta skólans: Bóknámsbrautir (34%), lista- og fjölmiðlasvið (12%), málm- og véltækisvið (2%), biliðngreinar (7%), verslunar-/félagsliðabraut (5%) og **almenn námsbraut (40%)**.

Könnunin var örlítið breytt frá fyrra ári þar sem bætt var við spurningum varðandi þjónustu á skrifstofu skólans. Könnunin fór fram í lífsleiknitímum í lok október. Eftir úrvinnslu voru helstu niðurstöður kynntar á kennarafundi og gögnin send kennurum til nánari glöggvunar.

Hér koma helstu niðurstöður:

Mjög jákvætt viðhorf:

- Langflestir (90%) eru **ánægðir með skólann** og 91% **líður vel** í skólanum.
- Nemendur vilja **standa sig vel** (93%).
- Mjög mörgum finnst að skólinn leggi áherslu á **góðan námsárangur** (80%).
- Góður **félagsandi** (80%).
- Mjög margir eru ánægðir með þjónustu **bókasafnsins** (79%), **netþjónustu** (80%), og **þrif** í skólanum (83%).

Áhyggjuefni:

- 28% hafa nýlega hugsað um að hætta í skólanum.
- 37% hafa áhyggjur af fjármálum.
- 31% finnur fyrir kvíða.
- Viðhorf til reykinga og áfengisneyslu?

Tilfni til umbóta:

- Kynningar fyrir nýnema.

b) Eldri nemar, október 2010

109 nemendur eða 55% (18 ára eða eldri) svöruðu viðhorfskönnun um ýmsa þætti skólastarfsins. Nemendur dreifðust hlutfallslega á eftirfarandi hátt milli brauta skólans: 36% á stúdentsprófsbrautum - 19% á lista og fjölmiðlasviði, - 8% á málm- og véltæknisviði, - 24% í biliðngreinum og 12% á verslunar- og félagsliðabraut. Könnunin var örlítið breytt frá fyrra ári þar sem bætt var við spurningum um þjónustu á skrifstofu skólans. Könnunin fór fram í ýmsum greinum sem eldri nemar eru í. Eftir úrvinnslu voru helstu niðurstöður kynntar skólameistara, kennslustjórum og síðan á kennarafundi og gögnin send kennurum til nánari glöggvunar.

Mjög jákvætt viðhorf til:

- Kennara sem eru sanngjarnir og jákvæðir
- Ræstingarfólksins

Áhyggjuefni:

- 20% hafa hugsað um að hætta í skólanum. Á þessum tíma! Af hverju?
- Viðhorf til skólans. 53% nemenda eru jákvæðir – er það nóg?
- Áhyggjur nemenda vegna fjármála (39%)
- Kvíði nemenda (29%)
- Vinna nemenda bitnar á námsárangri þeirra (24%)
- Félagslífið – litill þátttaka

Tilfni til umbóta:

- **Þjónusta á skrifstofunni**
- **Mötuneytið** – margar athugasemdir í reitnum fyrir „það sem er neikvæðast við skólann“. 36% eru óánægð en 35% finnst mötuneytið vera gott.

112 nemendur svöruðu að auki tveimur spurningum varðandi breyttan kennslutíma á föstudögum og yfirgnæfandi fjöldi var óánægður með kennslu eftir hádegi á föstudögum. Í kjölfarið var þessu kennslufyrirkomulagi breytt.

Samanburður á völdum þáttum milli yngri og eldri nema í október 2010

Yngri eldri munur

Virk þátttaka í félagslífi á vegum nemendafélagsins	57%	16%	-41
Jákvætt viðhorf nemenda til skólans	74%	53%	-31
Góður félagsandi	80%	59%	-21
Ánægja með skólann	90%	76%	- 14
Ánægja með mætingarkerfið	56%	44%	-12
Líður vel í skólanum	91%	82%	-9
Óánægja með skrifstofuna	14%	39%	+25
Kennarar eru almennt sanngjarnir og jákvæðir	72%	80%	+ 8

Samanburður á völdum þáttum eftir kynjum. Eldri nemar.

Stelpur strákar

Samskipti milli kennara og nemenda eru góð	59%	87%
Góður vinnuandi/vinnufriður	57%	67%
Kennarar eru almennt sanngjarnir og jákvæðir	68%	76%
Hrós	53%	58%
Líður vel	80%	81%
Ánægja með skólann	76%	75%
Góður félagsandi	65%	55%

2. Starfsmannakönnun, febrúar 2010

Í könnuninni eru 25 spurningar. Svarhlutfall: 78%.

Helstu niðurstöður flokkaðar eftir þeim:

Líðan og samstarf

- 95% segja að **starf þeirra skipti máli** fyrir skólann í heild.
- 80% gengur vel að **vinna með næstu samstarfsmönnum** en 9% gengur ekki eins vel. 12% segja hvorki né.
- 77% **líður vel** í vinnu, 14% segja hvorki né og 10% segjast ekki líða vel í vinnunni.

- Rúmlega helmingur (56%) starfsmanna segist reyna að **efla félagsandann** í skólanum en 8% eru meðvituð um að þau gera það ekki. 26% segja hvorki né.
- Helmingi starfsmanna (51%) finnst hann fá **hvatningu og hrós** frá samstarfsmönnum sínum en fimmtungi (21%) finnst það ekki. 28% segja hvorki né.
- 18% starfsmanna finnst þau fá hvatningu og stuðning til að **sækja sér aukna þekkingu** en 52% finnst það ekki. 30% segja hvorki né.

Vinnuaðstaðan og vinnustaðurinn

- 75% starfsmanna vilja auka **samstarf milli ólíkra starfssviða skólans**. 21% segja hvorki né og 4% eru ósammála.
- 63% líta á skólann sem **fram tíðarstarfsvettvang**. 25% segja hvorki né og 12% líta ekki á skólann sem fram tíðarstarfsvettvang.
- 54% eru ánægð með **vinnuaðstöðu** sína í skólanum en 23% eru ekki ánægð með hana. 23% segja hvorki né.
- 43% finnst **búnaðurinn** sem nýtist í starfi vera fullnægjandi . Fyrir 32% starfsmanna er sá búnaður ekki fullnægjandi. 24% segja hvorki né.

Stjórnendur

- 48% segja að **verkaskipting milli kennara og stjórnenda** sé skýr, 40% segja hvorki né en 14% finnst það ekki vera svo.
- 40% aðspurðra eru ánægð með **stefnu skólans**. 35% segja hvorki né. Fjórðungur (25%) er ekki ánægður.
- 38% starfsmanna finnst stjórnendur gefa þeim **tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir og stefnu** skólans. 30% svara með hvorki né. 32% finnst þau ekki hafa áhrif.
- 38% finnst **stjórnendur láta í ljós áhuga** á því sem þau gera. 29% finnst það ekki og önnur 32% svara hvorki né.
- 38% starfsmanna finnst skólameistari **leggja áherslu á árangur** af skólastarfinu, 43% segja hvorki né og 19% finnst það ekki.
- 23% eru ánægð með stjórn skólans , 43% eru það ekki og 31% segir hvorki né.
- 20% telja að **skólameistari og millistjórnendur vinni vel saman**, 39% segja hvorki né og 41% telur það ekki.

Nemendur

- 62% finnst nemendur bera virðingu fyrir skólanum. 24% segja hvorki né og 15% finnst það ekki.
- 44% finnst vinnuagi og reglusemi í skólanum til fyrirmyndar en 27% finnst það ekki. 29% segja hvorki né.

+++++

Svörun í starfsmannakönnunum gengur betur og betur ár frá ári og er það mjög ánægjulegt. Starfsfólk hefur hér tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Það er líka ánægjulegt að starfsmönnum skuli ár eftir ár finnast starf þeirra skipta máli fyrir skólann í heild sinni.

Starfsmenn upplifa ekki eins sterkt og í fyrra að fá hrós frá öðrum starfsmönnum sem er mjög miður og tilefni umhugsunar. Við þurfum að tileinka okkur það að hrósa fyrir vel unnin störf.

Margir starfsmenn eru ekki vissir um að skólinn sé framtíðarvinnustaður þeirra og má vera að þetta viðhorf endurspeglir þá óvissu sem gerð nýrrar námskrár og almennur niðurskurður hefur í för með sér.

Mun stærri hópi nú (42%) en í fyrra (27%) finnst hann ekki fá hvatningu og stuðning til að sækja sér aukna menntun. Hér hefur minnkandi fjarhagur örugglega mikil áhrif á hvaða möguleikar og svigrúm eru til staðar til að sinna og borga fyrir aukna þekkingu. Samt er mikilvægt að bæta stöðugt við þekkinguna og halda henni við innan skólans. Við erum og viljum vera þekkingarsamfélag.

Í kjölfar lélegrar útkomu hvað varðar viðhorf til stefnu skólans í starfsmannakönnun í febrúar 2009 var unnið með stefnuna á starfsdögum í maí 2009, hún endurnýjuð og samþykkt af starfsmönnum. Þess vegna kemur á óvart hversu margir (og fleiri en 2009) eru ennþá óánægðir með stefnu skólans og hversu mörgum finnst þeir hafa ekki áhrif. E.t.v. þarf meira til en að endurnýja stefnuna á starfsdögum.

Einelti virðist hafa vaxið sem er mikið vandamál og þurfa stjórnendur að bregðast við með afgerandi hætti.

Ekki er ólíklegt að niðurstaðan úr starfsmannakönnunni endurspeglir þá óvissu, óöryggi og óróleika sem einkennt hefur skólann og skólamálin í kjölfar niðurskurðar og innleiðingar nýrrar námskrár ásamt kreppuástandi samfélagsins í heild sinni. Innan skólans var lengi óvissa um stöðu skólameistara og lengi var sitjandi skólameistari í afleysingu. Það mál er nú leyst.

3. Áfangakannanir í nóvember 2010 og í apríl 2011.

Á fjögurra ára tímabili er lagt mat á flesta áfanga og allir kennarar metnir af nemendum þeirra. Í þetta skipti voru 56 áfangar og 29 kennarar metnir í nóvember 2010 og í mars 2011 voru 43 áfangar metnir og 21 kennari. Eftir að niðurstöður úr matinu lágu fyrir fékk viðkomandi kennari þær í umslagi til yfirlestrar og kjölfarið fengu kennarar tækifæri til að ræða niðurstöðurnar við skólameistara eða aðstoðarskólameistara. Niðurstöður áfangakannana eru trúnaðarmál milli kennarans og stjórnenda en ef um vandamál er að ræða sem grípa þarf inn í kemur til kasta skólameistara ásamt viðkomandi kennara að leita leiða til úrlausna.

4. Mat á kennslustjóra

Í maí svöruðu kennarar könnun sem metur viðhorf þeirra til síns kennslustjóra. Hver kennari svaraði 18 spurningum og þeir kennarar sem heyra undir fleiri en einn kennslustjóra svöruðu fyrir hvern kennslustjóra.

Niðurstöðurnar eru, eins og með áfangakannanirnar, trúnaðarmál milli kennslustjórans og stjórnenda. Báðum aðilum voru sendar niðurstöðurnar og í kjölfarið fengu kennslustjórar tækifæri til að ræða þær við stjórnendur og gera áætlun um breytingar ef við átti.

Jette Dige Pedersen

Verkefnisstjóri innra mats